

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um útgjöld vegna hælisleitenda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru árleg heildarútgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árin 2012–2017 vegna málefna hælisleitenda og hverjir eru einstakir þættir þeirra útgjalda á sviði löggæslumála, landamæravörslu, skólamála, heilbrigðismála og velferðarmála?

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála vegna fyrirspurnarinnar. Svörin eiga eingöngu við um heildarútgjöld ríkissjóðs en í þeim eru meðtaldar greiðslur til sveitarfélaga vegna þeirrar þjónustu sem þau veita umsækjendum um alþjóðlega vernd.

Heildarútgjöld vegna fjárlagaliðarins 06-399 *Hælisleitenda* voru árin 2012–2017 eins og hér greinir (þ.m.t. eru greiðslur til sveitarfélaga vegna samninga um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd):

2012	2013	2014	2015	2016	2017
220.736.741	436.092.347	463.557.701	714.925.061	1.862.405.039	3.089.002.501

Greiðslur af *Hælislið 06-399* til Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, þeirra tveggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hafa gert þjónustusamning við stofnunina, voru sem hér segir:

	2012	2013	2014
<i>Reykjavíkurborg</i>	0	0	154.929.441
<i>Hafnarfjarðarkaupstaður</i>	0	0	0
	2015	2016	2017
<i>Reykjavíkurborg</i>	201.327.053	263.625.052	410.496.113
<i>Hafnarfjarðarkaupstaður</i>	4.065.626	42.388.050	43.579.785

Til upplýsingar þá er Útlendingastofnun einnig með þjónustusamning við Reykjanesbæ.

Útlendingastofnun er með samning við embætti ríkislögreglustjóra um framkvæmd frávísana og brottvísana, og við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og lögregluna á Suðurnesjum um móttöku umsækjenda um vernd, um skráningu þeirra og um framkvæmd birtinga, frávísana og brottvísana. Ekki er um að ræða samninga eða útgjöld vegna löggæslumála eða landamæravörslu.

Útlendingastofnun og sveitarfélögin þrjú tryggja ákveðna grunnþjónustu á meðan umsækjandi sem bíður niðurstöðu vegna umsóknar sinnar dvelur í úrræði á vegum Útlendingastofnunar eða sveitarfélags sem stofnunin hefur gert þjónustusamning við. Kemur þetta m.a. fram í VI. kafla reglugerðar nr. 540/2017, um útlendinga, og í viðaukum með þjónustusamningun-

um. Ef undan er skilin sú grunnþjónusta sem snýr að húsnæði, upphaldi, skólagöngu og heilbrigðisþjónustu, þá eru umsækjanda tryggðar án endurgjalds samgöngur vegna erinda sem varða umsókn hans, félagsleg ráðgjöf hjá sveitarfélagi, tülkaþjónusta, íslenskukennsla, internetaðgangur og upplýsingastreymi um afþreyingu í nærumhverfinu. Sveitarfélag getur veitt aukna þjónustu, ákvæði það svo.

Börnum sem sækja um alþjóðlega vernd og falla undir skólaskyldu er tryggð skólaganga. Er ákvæði um skólagöngu barna í öllum þjónustusamningum sem stofnunin hefur gert við sveitarfélögin sem áður er getið. Áður en barn fer í skóla hefur það farið í læknisskoðun samkvæmt reglum sóttvarnalæknis. Í þeim tilvikum þar sem barn er búsett í úrræði á vegum Útlendingastofnunar er barninu tryggð skólaganga í Hafnarfirði. Alla jafna hefst skólaganga 4–6 vikum eftir komu, en það ræðst af því hversu fljótt læknisskoðun fer fram og niðurstaða liggur fyrir.

Útgjöld til heilbrigðismála greidd af *Hælislið 06-399* vegna árána 2012–2017 voru eftirfarandi:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<i>Heilbrigðismál</i>	0	94.790	2.011.411	14.911.121	93.974.044	186.273.910

Þess ber að geta að árið 2016 fékk Landspítalinn 100 millj. kr. af fjáráukalögum vegna ógreiddra reikninga sem stofnað hafði verið til af umsækjendum um alþjóðlega vernd. Reikningarnir voru vegna þjónustukaupa árin 2013–2016.

Í töflu hér á eftir má sjá yfirlit um heildarútgjöld vegna málefna umsækjenda um alþjóðlega vernd og sundurliðaðan kostnað fyrir alla liði í málaflokksnum. Hjá kærunefnd útlendingamála er ekki haldið sérstaklega utan um kostnað vegna mála umsækjenda um vernd en það er mat nefndarinnar að um 85% alls kostnaðar tilheyri því verkefni. Hjá Útlendingastofnun er gerð grein fyrir þeim kostnaði sem sérstaklega fellur til vegna málarekstrar umsækjenda um vernd hjá stofnuninni. Taflan sýnir því þróun kostnaðar frá 2012–2017.

	2012	2013	2014
<i>Kærunefnd útlendingamála*</i>			
<i>Útlendingastofnun*</i>	19.381.208	32.305.224	42.080.978
<i>Hælisliður</i>	220.736.741	436.092.347	463.557.701
<i>Heildarútgjöld</i>	240.117.949	468.397.571	505.638.679
	2015	2016	2017
<i>Kærunefnd útlendingamála*</i>	59.535.521	144.493.097	211.543.091
<i>Útlendingastofnun*</i>	57.174.017	90.646.261	136.205.636
<i>Hælisliður</i>	714.925.061	1.862.405.039	3.089.002.501
<i>Heildarútgjöld</i>	831.634.599	2.097.544.397	3.436.751.228

**Hlutfall af heildarkostnaði.*